

Óverkaður saltfiskur:

Stórfiskur nr. 1	kr. 807.00
Millifiskur nr. 1	— 758.00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	— 646.00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	— 596.00

Verð þessi eru f. o. b. Verðbil verður 6%, er miðast við verðhækkun eingöngu. Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu án verðbils.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. mars 1979.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 153 18. apríl 1978, fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka.

1. gr.

Á eftir 11. tölulið 2. gr. reglugerðarinnar komi nýr töluliður, sem verði 12. töluliður og orðist svo:

12. Fiskveiðasjóði er heimilt að lána í erlendri mynt til nýsmíða fiskiskipa innanlands og meiriháttar endurbóta eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnar hverju sinni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. mars 1979.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til loka vetrarloðnuvertíðar 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðu-